

24 JAN. 2012

Málsnr. 2011-07-0071
Frumrit - skilist til skjalasafns



UMHVERFISSTOFNUN

Birkir Þór Guðmundsson og Sveinn Kr. Sveinsson
Hrauni II
425 Flateyri

Reykjavík, 20. janúar 2012
Tilvísun: UST20110700181/mik

Efni: Skógrækt á Heiðum á Ingjaldssandi.

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 21. júlí 2011 þar sem óskað er eftir því að Umhverfisstofnun kanni aðkomu Skjólskóga að skógrækt á Heiðum á Ingjaldssandi og eru í því sambandi tilgreind sérstaklega eftirfarandi 4 atriði.

1. Verkefnið hefur ekki verið kynnt þeim sem verða fyrir áhrifum af því
2. Efasemdir eru um að aflað hafi verið tilskilinna leyfa, m.a. hjá þeim aðilum sem eiga landið eða njóta nytjaréttar á því
3. Lagðir hafa verið vegir á skógræktarsvæðinu, utan þess og stundaður utanvegaakstur
4. Umferð um einkaveg og um ræktað- sem óræktað land á Jörðinni Hrauni II á Ingjaldssandi án samráðs við eigendur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsent erindi. Jafnframt hefur fulltrúi Umhverfisstofnunar farið á svæðið, skoðað aðstæður og talað við viðeigandi málsaðila. Umhverfisstofnun hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Umhverfisstofnun er ekki eftirlitsaðili með samningum sem gerðir eru milli landeigenda og styrkveitenda s.s. í skógræktarverkefnum. Umhverfisstofnun hefur fyrst og fremst eftirlit með því að ákvæðum náttúruverndarlaga sé fylgt.

Umrætt land er ekki friðlýst svæði, nýtur ekki sérstakrar verndar skv ákvæðum 37. greinar laga um náttúruvernd né heldur 38. grein sömu laga varðandi röskun annarra náttúruminja á náttúruminjaskrá. Framkvæmdir á umræddu svæði eru þ.a.l. ekki háðar leyfi eða umsögn Umhverfisstofnunar.

Stærð skógræktarsvæðisins er 70 ha og er framkvæmdin því hvorki tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu né er hún matsskyld skv. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Umrætt land er skilgreint sem landbúnaðarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nytjaskógrækt á landbúnaðarsvæðum.